

Borgarráð

### ***Bryggjuhverfi - Lóðarvilyrði afþakkað - Hagkvæmt húsnæði - Miðgarður***

Borgarráði er tilkynnt að byggingarfélagið Miðgarður hefur afþakkað lóð til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur við Bryggjuhverfi.

#### **Greinargerð:**

Í Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 voru tilgreindarsérstakar tillögur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla var lögð á uppbyggingu á ríkislóðum sem hafa gengið til borgarinnar en einnig þróunarsvæði við Ártúnshöfða og Gufunes.

Borgin auglýsti síðasta sumar eftir tillögum að hagkvæmu húsnæði og var verkefnum gefin stig samkvæmt matsblaði. Í nóvember 2018 var niðurstaða stigagjafarinnar kynnt fyrir borgarráði og óskað eftir heimild til þess að hefja viðræður við stigahæstu teymin um lóðavilyrði. Sett voru fram skilyrði um að aðilar gætu sýnt fram á 20% eiginfjárframlag af áætluðum verkefnakostnaði, væru með samning við höfunda tillagna sem voru lagðar fram í samkeppninni og væru búnir að stofna félag um verkefnið.

Félagið Abakus óskaði eftir viðræðum um reit G og samþykkti borgarráð takmarkað vilyrði til þeirra í maí. Að átta viknum loknum hafði félagið ekki klárað fjármögnun og samþykkti því borgarráð að slíta viðræðum.

Í kjölfar þess var haft samband við næsta teymi úr stigagjöfinni sem var byggingarfélag samtaka um bíllausan lífsstíl. Félagið heitir nú byggingarsamtökin Miðgarður. Fulltrúar Miðgarðar óskuðu eftir því að hefja viðræður um uppbyggingu við Bryggjuhverfið.

Borgarráð samþykkti í september skilyrt vilyrði til félagsins með fyrirvara um að Miðgarður myndi leggja fram gögn um að félagið hafi fjármagnað 20% eigiðfjárframlag til verkefnisins og fékk félagið átta vikur frá samþykkt borgarráðs á vilyrðinu til þess að útvega viðkomandi gögn. Degi áður en áður nefndur frestur rann út sendi forsvarsmáður félagsins bréf til borgarinnar þar sem hafnað var lóð við Bryggjuhverfið.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig

